

## **Fjármunaréttur (70%)**

Föstudagur 12. nóvember 2004 16.00-20.00.

Próf í verðbréfavíðskiptum samkvæmt 11. grein laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn: Lagasafn, A-deild Stjórnartíðinda og sérprentanir af lögum (m.a. af Netinu).

### **Svarist í sér próförk merka prófnúmeri**

-----

1. (15%) Gerið grein fyrir þeim almennu réttarreglum sem gilda hér á landi um fresti til að samþykkja loforð og afleiðingum þess að samþykki berst of seint eða það er ekki í samræmi við tilboð.
2. (30%) Fjallið um helstu (allar sem þið þekkið) ástæður sem geta valdið því að loforð (í fjármunarétti) verði ógilt.
3. (10%) Gerið grein fyrir meginreglu kröfuréttar um skuldaraskipti (skuldskeytingu) og helstu undantekningum frá þeirri reglu.
4. (15%) Fjallið um hvernig kröfu getur lokið með skuldajöfnuði, Gerið jafnframt grein fyrir skilyrðum einhliða skuldajafnaðar og sérreglum um skuldajöfnuð.

## **Félagaréttur (30%)**

Föstudagur 12. nóvember 2004 16.00-20.00.

Próf í verðbréfavíðskiptum samkvæmt 11. grein laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn: Lagasafn, A-deild Stjórnartíðinda og sérprentanir af lögum (m.a. af Netinu).

### **Svarist í sér próförk merkta prófnúmeri**

-----

1. (10%) Skýrið eftirgreind hugtök:  
Firma  
Ritun firma  
Prókúra
2. (20%) Gerið grein fyrir heimildum og/eða takmörkunum stjórnar hlutafélags eða hluthafa til að ráðstafa fjármunum félagsins til stjórnarmanna, hluthafa eða tengdra aðila með beinum eða óbeinum hætti. Skýrið tilgang viðkomandi lagaákvæða.